



# Í átt að stöðugleika og öryggi á Eystrasaltssvæðinu

Eftir Børge Brende, Kristian Jensen, Lilju Alfredsdóttur, Margot Wallström og Timo Soini

Norðurlandarákinn hafa lagt sig fram um að tryggja stöðugleika og hagsæld með því að samræma þróunarstarf, greiða götu fríverslunar og taka þátt í frídargæslu og áhættustjórnun. Norræna nálgunin byggist á virðingu fyrir lýðræði, mannréttindum og réttarríkinu. Ólögleg innlimun Rússlands á Krímskaga og aðgerðir Rússlands, sem skapað hafa óstöðugleika í Úkraínu og nágrenni, eru grundvallaráskoranir við öryggi Evrópu. Athæfi rússneskra stjórnvalda, sem felur í sér aukna hernaðarstarfsemi og spennu í umhverfi Eystrasaltsríkjanna, verður að umbreyta í uppbyggilega stjórnálagmræðu, í samræmi við alþjóðalög og sáttmála.

Evrópa hefur brugðist af festu við framferði Rússlands í Úkraínu. Beiting vopnvalds sem gengur gegn alþjóðalögum á hvorki heima í Evrópu né annars staðar. Við þurfum að þrýsta áfram á Rússa um ábyrgt framferði og halda opnum farvegi fyrir pólitísk skoðanaskipti. Það er öllum í hag; skoðanaskipti eru grundvöllur þess að finna lausn vandamála.

Nauðsynlegt er að friðhelgi landamæra, fullveldisréttur og friðhelgi yfirráðasvæða ríkja, friðsamleg lausn deilumála og virðing fyrir mannréttindum og grundvallarréttindum verði áfram kjölfestan í öryggi Evrópu, samkvæmt skilgreiningum sáttmálanna sem kenndir eru við Helsinki og París. Stuðningur Norðurlandarákinn við friðhelgi landamæra og fullveldi Úkraínu hefur verið ótvíræður og hafa þau stutt þvingunaraðgerðir Vesturlanda, sem verður haldið áfram þar til Rússland hefur uppfyllt öll skilyrði Minsk-samkomulagsins.

Við okkur blasir nýr veruleiki þar sem sameiginlegum viðmiðum okkar og gildum er ógnad. Hér áður náði norræn samvinna til alls nema öryggis- og varnarmála. Tímarnir hafa breyst. Við þurfum að auka samvinnu okkar á sviði utanríkis- og öryggismála til að auka stöðugleika, draga úr spennu og stuðla að friðsamlegum samskiptum manna í millum. Með því að gera diplómatíu að fyrstu varnarlinu aukum við öryggi í okkar heimshluta.



Børge Brende



Kristian Jensen



Lilju Alfredsdóttir



Margot Wallström



Timo Soini

» Ólögleg innlimun Rússlands á Krímskaga og aðgerðir Rússlands, sem skapað hafa óstöðugleika í Úkraínu og nágrenni, eru grundvallaráskoranir við öryggi Evrópu.

**Samvinna á sviði netöryggis, hættustjórnunar og leitar og björgunar**

Norðurlandarákinn hafa þegar kosið að treysta samvinnu sína á sviði utanríkis- og öryggismála og markaði Stoltenberg-skýrslan árið 2009 ákveðin tímamót í þeim efnum. Við höfum einnig hafið stórhuga samvinnu á sviði almannaöryggis, og öryggis- og varnarmála, bæði sem heild og með tvíhliða samstarfi. NORDEFCO-varnarsamstarfið hefur aukið samstarfshæfni okkar. Samvinna á sviði netöryggis, hættustjórnunar og leitar og björgunar er dæmi um árangursríkt norrænt samstarf.

Við þróum utanríkis- og öryggisstefnu okkar í nánú samstarfi við stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, Evrópuráðið, Samstarf í þágu friðar innan Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandið. Þórf er á auknu gagnsæi og ráðstöfunum sem miðast að því að vekja traust og draga úr hættu í Evrópu, einkum innan ÖSE. Sameiginlegt markmið okkar er nánara nor-

rænt samstarf til að viðhalda og verja skipan öryggismála í Evrópu, og að stuðla að svæðisbundnu öryggi.

**Hliúð að svæðisbundinni samvinnu**

Norðurlandarákinn hafa gegnt lykillutverki í því að hlúa að svæðisbundinni samvinnu; Eystrasaltsráðið, Barentsráðið og Norður-skautsráðið eru mikilvægar stofnanir sem Norðurlandarákinn eiga aðild að og Rússland tekur uppbyggilegan og virkan þátt í. Við munum halda áfram að byggja upp traust og hvetja til samvinnu og samskipta fólks og þjóða, ekki síst við Rússland. Svæðisbundið samstarf yfir, og þvert á, landamæri er mikilvægt og stuðlar að samvinnu og sambandi við ýmsa aðila í Rússlandi, þar með talið borgarasamfélagið.

Þrjú Norðurlandarákinn eru aðilar að Evrópusambandinu og þrjú að NATO, en öryggisumhverfi okkar er hið sama og umfram allt búum við að traustum sameiginlegum gildum. Við getum nýtt okkur þá þætti sem skilja okkur að og jafnframt haldið á lofti sameiginlegum markmiðum, þar með talið stöðugleika og öryggi í okkar heimshluta. Við erum í góðri aðstöðu til að hvetja ESB og NATO til að þróa samvinnu sína enn frekar.

Mikilvægi Eystrasaltssvæðisins í öryggismálum Evrópu hefur aukist og um það þarf að fjalla á fundi leiðtogaáráðs Evrópusambandsins í júní og leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í júlí. Leiðtogaáráðið í júní mun styðja áætlun sem byggist á sameiginlegum evrópskum gildum og

verður grunnur að starfi ESB til að vinna að stöðugleika og þróun. Leiðtogafundur NATO mun m.a. beina sjónum að öryggismálum á Eystrasaltssvæðinu. Öll Norðurlandarákinn styðja auknar viðræður og samstarf NATO, Finnlands og Svíþjóðar um svæðisbundið öryggi og að þær viðræður fari fram á hæsta stigi stjórnmalanna á fundinum.

**Treystum böndin yfir Atlantshafið**

Eftir tíu daga munum við halda samræðum okkar áfram ásamt Bandaríkjunum á leiðtogafundi Bandaríkjanna og Norðurlandarákinn á Washington. Við eigum mikilla hagsmuna að gæta í því að þróa enn frekar tengsl Bandaríkjanna og norrænu ríkjanna. Samvinna Norðurlandarákinn og Bandaríkjanna á sviði utanríkis- og öryggismála verður styrkt og í sameingu munum við treysta böndin yfir Atlantshafið.

Norðurlandarákinn þurfa að beina sjónum sínum og athygli í ríkari mæli að Eystrasaltssvæðinu. Við, utanríkisráðherrar norrænu ríkjanna, höfum hér í Borgá í Finnlandi beint sjónum okkar að aðgerðum sem miðast að því að auka velmegun og öryggi í okkar næsta nágrenni sem og á alþjóðavettvangi. Við munum tryggja sameiginlega að sterk norræn rödd hljómi á vettvangi öryggismála í Evrópu, innan Sameinuðu þjóðanna, ESB, NATO, Evrópuráðsins og ÖSE.

Höfundar eru utanríkisráðherrar Norðurlandarákinn.